

3.4 Lokunargjald

Komi til stöðvunar afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu, vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 3.3.

4. gr.

Ýmis ákvæði.

4.1 Gjald dagar og eindagar

Gjald dag er við útgáfu reiknings. Eindagi er annar dagur í næsta mánuði á eftir.

4.2 Gjaldskrárbreytingar

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur VSH standi undir rekstri þeirra og aukningu veitukerfisins.

4.3 Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi, A hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis nr. 82, 22. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

1. gr.

Frítekjumark samkvæmt 1. og 2 mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal frá 1. júlí 1994 vera óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 232/1993.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Dögg Pálsdóttir.